



Iðnaðarnefnd  
Alþingi  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Alþingi  
Erindi nr. P 132/1897  
komudagur 26.4.2006

Reykjavík 26. apríl 2006

**Efni: Frumvarp til laga um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og  
atvinnuþróun, 731. mál**  
Tilv: 2006040010

Bændasamtökum Íslands hefur borist ofangreint frumvarp til umsagnar, sbr. bréf  
iðnaðarnefndar dags. 12. apríl sl.

Stjórn BÍ er meðvituð um nauðsyn þess að endurskoða starfsemi Byggðastofnunar og leggur áherslu á að möguleikar stofnunarinnar til að efla atvinnulíf og nýsköpun á landsbyggðinni verði styrktir eftir föngum. Á hinn bóginn eru vissar efasemdir um þá sameiningu stofnana, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, þ.e. að fella Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og Iðntæknistofnun inn í hina nýju stofnun. Enda þótt rannsóknir þessara stofnana séu vissulega atvinnutengdar, eru hlutverk þeirra að mestu leyti ólík hlutverki Byggðastofnunar. Ekki yrði um nein umtalsverð samlegðaráhrif að ræða í rekstri, og jafnvel gæti orðið um að ræða togstreitu milli mismunandi hlutverka hinnar nýju stofnunar. Ekki verður heldur séð, að þessar uræddu rannsóknastofnanir eigi fremur að falla undir Nýsköpunarmiðstöð Íslands en sumar aðrar, þótt þær heyrir undir önnur ráðuneyti. Það er þó vissulega svo, að nýsköpunar- og frumkvöðlastarf Iðntæknistofnunar (Impra) gæti vel samrýmt hlutverki nýrrar stofnunar eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, en óvíst að það yrði eins gjöfult, ef það yrði skilið frá rannsóknarþættinum. Þarna er vissulega snertiflötur, sem í fljótu bragði kann að geta réttlætt samrunahugmyndina að hluta til, en vega þarf vandlega saman kosti og galla sameiningarinnar, áður en frumvarpið er lögfest.

Virðingarfyllst,  
f.h. Bændasamtaka Íslands

  
Sigurgeir Þorgeirsson